

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 31/2017

2018/EES/78/31

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1361 frá 9. ágúst 2016 um viðurkenningu á „International Sustainability and Carbon Certification system“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1362 frá 9. ágúst 2016 um viðurkenningu á „Roundtable on Sustainable Biomaterials EU RED“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 6as (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/887) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6at. **32016 D 1361**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1361 frá 9. ágúst 2016 um viðurkenningu á „International Sustainability and Carbon Certification system“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjútíð. ESB L 215, 10.8.2016, bls. 33).

6au. **32016 D 1362**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1362 frá 9. ágúst 2016 um viðurkenningu á „Roundtable on Sustainable Biomaterials EU RED“ til að sýna fram á að viðmiðunum um sjálfbærni samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB og 2009/28/EB hafi verið fylgt (Stjútíð. ESB L 215, 10.8.2016, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2016/1361 og (ESB) 2016/1362, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 215, 10.8.2016, bls. 33.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 215, 10.8.2016, bls. 35.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.